

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2017

2018/EES/37/11

frá 13. júní 2017

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2015 frá 17. nóvember 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 28k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2003) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„28l. **32016 R 2015**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2015 frá 17. nóvember 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtíð. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/2015, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 312, 18.11.2013, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.